

Ed.

506. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 23. apríl 1947.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og leitað umsagnar vegamálastjóra, en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Treystast undirritaðir eigi til að mæla með því, að breytingar á vegalögum verði lögfestar á þessu þingi, en 2 nefndarmenn vilja framgang frumvarpsins í einhverju því horfi, er þeir munu gera grein fyrir.

Umsögn vegamálastjóra, dags. 19. febr. s. l., látum við fylgja álitum þessu, og þar eð við getum fallizt á ástæður hans til mótmæla frumvarpinu, látum við nægja að vísa hér til þeirrar umsagnar.

Þótt einhver þau ákvæði séu í frv. og breytingartill., er fram hafa komið við það, sem telja megi sanngjarnar eða til nokkurrar leiðréttingar, er þar varla um svo aðkallandi breytingar að ræða, að eigi megi fresta að þessu sinni. Hitt teljum við, að megi sín meira, að opna ekki leið fyrir nýjar breytingar á lögum, er vænta má, að kæmu úr ýmsum áttum, nú á fyrsta þingi eftir það, er viðtækar breytingar voru gerðar á lögum þessum á síðastliðnu ári, auk þeirra annarra ástæðna, er getur um í bréfi vegamálastjóra.

Leggjum við því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. marz 1948.

Eiríkur Einarsson,
form., frsm.

B. Kristjánsson.

Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 19. febr. 1948.

Vegalagabreytingar.

Með bréfi, dags. 19. nóv. f. á., sendi nefndin mér til umsagnar framkomið frv. á þskj. 16 til laga um breyting á vegalögum frá 1947 ásamt brtt. á þskj. 24.

Þar sem í fyrra var bætt við 710,5 km á nýjum þjóðvegum, tel ég yfirleitt ekki tímabært að bæta að svo stöddu við fleiri vegum eða gera breytingar á legu þeirra þjóðvega, sem þá voru ákveðnir, en að því miða sumir liðir frumvarpsins.

Tel ég mjög líklegt, að ýmsum fleiri vegum en þeim, sem eru í frv., mundi verða bætt við, ef frv. þetta næði fram að ganga, en það teldi ég varhugavert nú, þar sem sýnt er, að fullerfitt verður að tryggja nokkuð verulegt framlag úr rikissjóði til endurbóta vegarköflum, sem teknir voru í þjóðvegatölu 1947.

Legg ég því til, að frv. þetta verði ekki samþykkt.

Virðingarfullt,

Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis.